

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um sjöundu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 9. október 2008 (nefnd „fyrri ákvörðun“ nema annað sé tekið fram) var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. að fella hana úr gildi í heild eða að hluta. Reynst hefur nauðsynlegt að fresta endanlegu uppgjöri á milli Nýja Landsbanka Íslands hf. (nú NBI hf.) og Landsbanka Íslands hf. eins og nánar er tilgreint í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins þann 6. mars 2009 og 15. maí 2009. Í síðastnefndu ákvörðuninni er kveðið á um að endanleg ákvörðun um frest yrði tekin eigi síðar en þann 15. júní 2009. Viðræður standa nú yfir milli eiganda NBI hf. og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um endanlegt uppgjör á milli þeirra. Ljóst er að tíma þarf til að ganga frá endanlegum skilmálum fjármálagerningsins á milli aðila vegna umfangs og eðlis uppgjorsins. Mikilvægt er að hlutaðeigandi aðilar fái tækifæri til að kynna sér þau gögn og þær upplýsingar sem liggja fyrir, þ.m.t. skýrslur varðandi mat á eignum sem ráðstafað var. Við ákvörðun frestsins er að áliti Fjármálaeftirlitsins mikilvægt að horfa til þess að NBI hf. hefur hafið starfsemi og brýnt er að staða hans vegna uppgjorsins verði skýr og að forsendur efnahagsreiknings liggi fyrir sem fyrst. Af þessum ástæðum hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að veita endanlegan frest til 17. júlí 2009. Ákvörðun er nú tekin um að breyta 13. tl. fyrri ákvörðunar og skal hann hljóða eins og í ákvörðunarorði segir.

ÁKVÖRÐUN:

Skilmálar fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til NBI hf. (áður Nýi Landsbanki Íslands hf.) skulu liggja fyrir af hálfu aðila eigi síðar en þann 17. júlí 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

15. júní 2009.



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Gunnar P. Andersen
Forstjóri